

Moser gegn Austurríki

Dómur frá 21. september 2006

Mál nr. 12643/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Forsjársvipting. Aðgangur að gögnum í dómsmáli. Opinber málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærendur, Zlatica Moser (f. 1973) og sonur hennar, Luca Moser (f. 2000), eru serbneskir ríkisborgarar og búsett í Austurríki. Árið 1999 giftist Zlatica Moser austurrískum ríkisborgara og í júní 2000 fæddi hún soninn Luca. Eiginmaður hennar neitaði að gangast við barninu. Daginn eftir fæðinguna ákvað barnaverndarnefnd í Vín að þar sem fjárhagsstaða og heimilisaðstæður móðurinnar væru bágbornar, auk þess sem óljóst væri með búsetuleyfi hennar í Austurríki, fengi hún ekki að halda barninu. Viku síðar var Luca komið fyrir hjá fösturforeldrum. Hinn 3. desember 2000 veitti dómstóll barnaverndaryfirvöldum forsjá Luca. Zlatica Moser áfrýjaði á þeirri forsendu að hvorki dómstóllinn né önnur yfirvöld hefðu aðstoðað hana við að leysa úr búsetuvandræðum sínum né við að viðhalda sambandi við barnið. Áfrýjunarbeiðni hennar var hafnað. Hún áfrýjaði að nýju, m.a. á þeim grundvelli að enginn munnlegur málflutningur hefði farið fram hjá dómstólnum og að þinghald þar og dómsuppkvaðning hefðu ekki farið fram í heyranda hljóði. Þá hefði hún ekki fengið nægjanlega aðild að málinu og engan aðgang að málskjölum. Þá kvartaði hún líka yfir því að ekki hefði verið leitað neinna annarra leiða, eins og t.a.m. að koma henni og barninu fyrir í athvarfi. Þessari áfrýjunarbeiðni var einnig hafnað. Zlatica Moser er nú með tímabundið búsetuleyfi í Austurríki og hefur leyfi til að hitta Luca í tvær klukkustundir á mánuði, á afmælum þeirra og um jól.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með því að veita barnaverndaryfirvöldum forsjá Luca hefði verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 14. gr. töldu þau að þeim hefði verið mismunað á grundvelli þjóðernis. Jafnframt taldi Zlatica Moser að brotið hefði verið gegn rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram austurrískir dómstólar hefðu vanrækt að leita leiða til þess að kærendur gætu verið saman eða í nánum tengslum meðan málsmeðferð stóð yfir. Þá taldi dómstóllinn það mjög alvarlegt að móðirin hefði einungis fengið að sjá son sinn tvívegis frá fæðingu og fram að sex mánaða aldri, og því hefðu engin tengsl náð að myndast milli þeirra.

Það var álit dómstólsins að Zlatica Moser hefði ekki fengið að taka nægjanlegan þátt í ákvarðanatöku yfirvalda og dómstóla, en hún kom aðeins einu sinni fyrir dómstólinn sem fjallaði um forsjá barnsins og niðurstaða hans byggðist að miklu leyti á gögnum sem hún fékk ekki færi á að tjá sig um. Þá hefði áfrýjunum hennar verið hafnað. Niðurstaða dómstólsins var því sú að málavextir hefðu ekki réttlætt svo íþyngjandi afskipti af fjölskyldu kærenda og að brotið hefði verið á rétti þeirra samkvæmt 8. gr.

Dómstóllinn féllst hins vegar ekki á að um mismunun samkvæmt 14. gr. hefði verið að ræða enda gerðu barnaverndarlög engan greinarmun á fólki eftir þjóðerni. Þá var ekki að sjá að annmarkar á málsmeðferðinni væru til komnir vegna þjóðernis kærenda.

Að áliti dómstólsins hafði verið um þrenns konar brot á 1. mgr. 6. gr. að ræða. Í fyrsta lagi hefði Zlatica Moser ekki fengið tækifæri til að tjá sig um skýrslur barnaverndaryfirvalda. Í öðru lagi hefði

málsmeðferð fyrir dómstólum ekki verið opinber og í þriðja lagi hefði dómsorðið ekki verið kveðið upp í heyranda hljóði.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans. Zlaticu Moser voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 6.694,74 evrur í málskostnað og 8.000 evrur í miskabætur. Talið var að niðurstaðan í sjálfri sér fæli í sér nægar bætur vegna þess miska er Luca kynni að hafa orðið fyrir.